



Fréttatilkynning

17 November 2023 12:59:00 GMT

S&P Global Ratings staðfestir lánshæfismat Arion banka BBB/A-2, horfum breytt úr neikvæðum í stöðugar

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings hefur staðfest lánshæfismat Arion banka og breytir horfum úr neikvæðum í stöðugar.

S&P Global Ratings telur að sú efnahagslega áhætta sem íslenskir bankar standa frammi fyrir fari dvínandi með auknum stöðugleika á húsnæðismarkaði og minni skuldsetningu heimila og fyrirtækja.

S&P telur að áfram verði góður hagvöxtur á Íslandi í takt við þann styrk sem efnahagslífið hefur sýnt í kjölfar heimsfaraldursins. Áætlað S&P að hagvöxtur á Íslandi verði 3,8% á árinu 2023 og að meðaltali 2,5% á árunum 2024 til 2026.

S&P telur að áhætta á fjármálamarkaði muni haldast að mestu óbreytt þar sem rekstur bankanna sé arðsamur og þeir með sterka eiginfjárstöðu.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eiríkur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[S&P Global Ratings staðfestir lánshæfismat Arion banka BBB/A-2, horfum breytt úr neikvæðum í stöðugar](#)
[RatingsDirect OutlooksRevisedOnThreelcelandicBanksOnRecedingEconomicImbalances](#)